

Sp.

180. Skýrsla

[161. mál]

samgönguráðherra um hafnarframkvæmdir 1983.

INNGANGUR.

Framkvæmdir í hafnargerðum 1983 urðu sem hér segir:

	Millj.kr
Almennar hafnir	151,3
Reykjavíkurböfn	29,4
Landshafnir	3,2
Ferjuhafnir	0,6
Samtals:	184,5

Árið 1982 voru heildarframkvæmdir í höfnum 144,3 millj. kr.

Í skýrslunni hér á eftir er stutt lýsing á framkvæmdum á hverjum stað, svo og sérstakir kaflar um áætlanagerð, rannsóknir og dýpkunartæki.

Í fylgiskjali eru tölur um framkvæmdakostnað á hverjum stað, ríkishluta framkvæmda, svo og stöðu ríkissjóðs gagnvart einstökum hafnarsjóðum.

FRAMKVÆMDIR 1983 Í ALMENNUM HÖFNUM.

Akranes.

Unnið var að grjótnámsleit og rannsóknum í því sambandi. Enn fremur voru gerðar tilraunaboranir.

Lokið var við byggingu hafnarhúss. Byggt var ljósamasturshús á aðalhafnargarði og keypt ljósamastur og búnaður.

Byggt var spennistöðvarhús á aðalhafnargarði ásamt tengihúsi fyrir hitaveitu.

Haldið var áfram framkvæmdum við stálþilskant í Lambhúsasundi, steiptur var kantur á viðgerðarkantinn. Steipt tvö ljósamasturshús og eitt tengihús fyrir vatn og hitaveitu. Keypt var eitt ljósamastur ásamt búnaði. Gengið var frá tengibrunnum og lögnum.

Í ágúst, september og október var siglt út grjóti í fót brimvarnargarðsins. Hér var um 12 300 m³ af grjóti að ræða. Verkið annaðist Skóflan hf. samkvæmt samningi.

Unnið var einnig að endurhleðslu grjótkápu brimvarnargarðsins. Var hún hlaðin með fláa 1:2 frá stórstraumsfjöruborði upp í kóta 8,5—9,0 og jafnframt bætt í stóru grjóti (6—10 tonn).

Unnið var við þessi verk meiri hluta ársins.

Framkvæmdakostnaður: 6 514,6 þús. kr.

Borgarnes.

Tæknikostnaður o. fl.: 79,0 þús. kr.